

Sumarkveðja Vinátta

Nú er óhætt að segja að sumarið sé komið. Útivera eykst og börnin mæta léttklæddari í skólann. Hreyfigetan verður því meiri og útinám og útileikir verða meira áberandi í starfi skólanna. Mörg börn njóta sín betur úti og þeirra styrkleikar fá þar tækifæri til að njóta sín. Sum börn þurfa einfaldlega meira rými en önnur börn.


Fjöldi verkefna Vinátta er jafnt hægt að vinna úti sem inni og sum þeirra eru einkum hugsuð utandyra. Þar má nefna verkefni og leiki í bókinni Vinátta í útivist- útinám og leikur. Hugmyndafræðin og gildi Vinátta eiga alltaf við, bæði úti og inni, að vetri, sumri, vori og hausti. **Góð samskipti eru gulls igildi.**



Hugmyndafræði Vinátta

Í Vinátta er gert ráð fyrir að hugmyndafræðin fléttist inn í allt skólastarf hvort sem það fer fram innan skólalóðarinnar eða utan hennar eins og í ferðum á vegum skólans og í gönguferðum.

Góð samskipti, hjálpssemi, samkennd, umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki falla aldrei úr gildi.



Leikum okkur úti með börnunum:

Í verkefnahefti fyrir börn yngri en þriggja ára eru verkefni og leikir sem nýtast jafnt úti sem inni, til dæmis:

- Speglaleikur og Skuggadans á bls. 59
- Eldri og yngri vinir á bls. 60.

Í verkefnahefti fyrir grunnskóla er fjöldi leikja og verkefna fyrir útiveru, til dæmis:

- Að skipta í lið (bls. 14), aðferðir við að skipta í lið á jákvæðan hátt.
- Að fanga eða faðma (bls 15), leikur sem stuðar að samvinnu.
- Myndaskot af skó (bls 29).

Nokkur ráð fyrir sumarið

- **Skiptum sjálf börnunum í pör/hópa:** Ef skipta á nemendum í pör eða hópa þegar farið er í gönguferð eða unnið að einhverjum útiverkefnum, er gott að láta þá draga sig saman í hópa með því að draga samstæðuspjöld eða spil. Þannig er komið í veg fyrir að börnin velji sig frá ákveðnum einstaklingum, flokkun í hópnum og upplifi höfnunartilfinningu.
- **Hugsum út fyrir hlutverkaboxið:** Það eru engin skráð lög um að einungis megi vera ein mamma eða einn hundur í leik. Með því að allir nemendur fá að velja sér sín hlutverk reynir á lausnarleit, umburðarlyndi og samvinnu. Sköpunargleðin fær að njóta sín.
- **Nýtum styrkleikana:** Þegar leikur og verkefni eru færð út fyrir breytist sviðið. Úti er hátt til lofts og vítt til veggja. Hægt er að nýta aðra styrkleika og færni en inni. Margir nemendur njóta sín betur úti og sjálfmynd þeirra styrkist.
- **Notum tónlist Vinátta:** Flesta leiki og verkefni sem fylgir tónlistinni *Gott er að eiga vin* er hægt að nýta utandyra.



Næstu námskeið Vinátta

- **8. júní: Vinátta fyrir leikskóla.** Staðnámskeið.
- **13/14. júní: Vinátta fyrir leikskóla.** Fjarnámskeið.
- **10. ágúst: Vinátta fyrir grunnskóla.** Staðnámskeið.
- **16/17. ágúst: Vinátta fyrir grunnskóla.** Fjarnámskeið.
- Nánari upplýsingar um námskeið eru [hér](#).

júní 2022

Öll börn eiga rétt á að tilheyrja:

Öll börn eiga rétt á að tilheyrja, vera hluti af hópnun og vera virt að eigin verðleikum. Ekkert barn á það skilið að vera útilokað.

Þegar sumarfrí hefst og barnahópurinn tvístrast breytist gjarnan taktur heimila. Vinirnir fara í ferðalög og mörg börn upplifa sig jafnvel ein og einmana. Þá er gott fyrir foreldra að minna sig á mikilvægi þess að hvetja börn til að leika við sem flesta og geta verið góður félagi. Sumarið getur verið tíminn til að eignast nýja féлага og vini án þess að snúið sé baki við öðrum vinum.

Hér má sjá ábendingar til foreldra sem eiga jafnt við að sumri sem vetri.

[Ráð til foreldra barna 0-3ja ára](#)

[Ráð til foreldra barna 3ja-6 ára](#)

[Ráð til foreldra barna 6-10 ára](#)



Sögur af Vináttu

Á þeim fjölmörgu námskeiðum sem haldin hafa verið frá árinu 2014 þegar námsefni *Vináttu* kom fyrst út á Íslandi höfum við hjá Barnaheillum fengið að heyra fjölmargar yndislegar sögur af áhrifamætti *Vináttu*.

Okkur langar að safna saman sögum frá ykkur og biðjum ykkur að senda okkur sögur. Sögurnar viljum við gjarnan fá að birta en þær verða að sjálfsögðu nafnlausar og því órekjanlegar.

Hér er dæmi um litla fallega sögu:

Leikskólakennari var að hefja Vináttustund og hafði safnað saman börnum í hring. Eitt barnið var undir borði og vildi ekki taka þátt. Það var leitt á svipinn. Kennarinn reyndi að fá barnið í hópinn án árangurs. Þá sótti kennarinn bangsa barnsins, rétti að barninu og spurði hvort það vildi fá bangsann sinn (litla Blæ). Barnið horfði á bangsann, tók hann, hjúfraði sig að bangsa og hvíslaði einhverju að honum. Síðan skreið barnið upp í fangið á kennaranum með bangsann sinn og tók þátt í stundinni.

Vinsamlega sendið okkur sögur á netfangið

vinatta@barnaheill.is



Fulltrúar þeirra landa sem taka þátt í *Vináttu* í vettvangsferð í leikskólanum Humleblen. Sá leikskólli hefur unnið með *Vináttu* frá upphaf, eða frá árinu 2007 og er *Vináttu* fléttað saman í allt daglegt starf í leikskólanum.

Vinátta er víða

Auk Íslands er *Vinátta* í notkun í Grænlandi, Eistlandi, Færeyjum, Rúmeníu auk Danmerkur þaðan sem *Vinátta – Fri for Mobberi* kemur frá upprunalega og er þróað. Brátt munu Noregur og Frakkland bætast við *Vináttu*þjóðirnar.

Gott samstarf er á milli þeirra þjóða sem vinna með *Vináttu* og regluleg samskipti og fundir eru haldnir þar sem bækur eru bornar saman, skipst á hugmyndum og rætt um þróun á námsefni *Vináttu*.

Eftir meira en tveggja ára hlé tókst *Vináttuteyminu* að hittast á ný hjá Mary Fonden samtökunum í Kaupmannahöfn í maímánuði og fara auk þess í heimsókn í leikskóla sem unnið hefur með *Vináttu* frá upphafi verkefnisins árið 2007.

Segja má að víða séu sömu áskoranir hvað varðar vinnuna með *Vináttu*. Alls staðar er lögð áhersla á mikilvægi þess að hugmyndafræði, gildi og aðferðafræði *Vináttu* sé hluti af öllu skólastarfi. Til þess að *Vinátta* virki þarf að viðhalda hugmyndafræðinni, nota efnið, fræða aðra innan skólans og vera góð fyrirmynd í orði og verki.



Hafið það sem allra best í sumar.

**Með *Vináttu*kyeðju,
Margrét Júlía og Linda Hrönn**

